



Fundargerð

207. fundur svæðisstjórnar Vatnajökulspjóðgarðs, haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 21. maí kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Sigurjón Andrússon, formaður svæðisstjórnar
Ívar Karl Hafliðason, varamaður formanns og varaformaður
Gerður Sigtryggisdóttir, formaður svæðisráðs norðursvæðis
Vilhjálmur Jónsson, formaður svæðisráðs austursvæðis
Eyrún Fríða Árnadóttir, formaður svæðisráðs suðursvæðis
Þráinn Ingólfsson, formaður svæðisráðs vestursvæðis
Benedikt Traustason, fulltrúi umhverfisverndarsamtaka
Snorri Ingimarsson, fulltrúi útivistarsamtaka
Ágúst Elvarsson, fulltrúi ferðamálasamtaka á svæði Vatnajökulspjóðgarðs og Samtökum ferðaþjónustunnar

Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, starfsmaður á þróunarsviði
Björgvin Valdimarsson, fjármálastjóri
Helga Árnadóttir, verkefnastjóri á stjórnunar- og verndarsviði
Axel Benediktsson, sérfræðingur á stjórnunar og verndarsviði

1. Svæðisstjórn og svæðisráð - skipun 2025-2029 - Vatnajökulspjóðgarður - 202502-0062

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Jóhann Páll Jóhannsson, hefur skipað svæðisstjórn Vatnajökulspjóðgarðs, til og með 1. janúar 2029.

Nýir meðlimir eru boðnir velkomnir til starfa. Fráförnum stjórnarmeðlimum eru þökkúð góð störf fyrir Vatnajökulspjóðgarð.

2. Náttúruverndarstofnun - fyrstu skref nýrrar stofnunar - 202502-0106

Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri, fór yfir stöðu vinnunnar við að koma á fót sameinaðri Náttúruverndarstofnun (áður Vatnajökulspjóðgarður og hluti náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar). Fyrstu mánuðir nýrrar stofnunar hafa verið annasamir, enda verkefni umfangsmikið. Farið yfir yfirstandandi verkefni tengd sameiningunni, t.d. lyklun verkefna, svo og þá stefnu ríkisstjórnarinnar að sameina stofnanir.

Lagt fram til kynningar.



3. **Skipurit Náttúruverndarstofnunar 2025 - 202505-0078**

Sigrún Ágústsdóttir fór yfir skipurit nýrrar stofnunar, skipulag starfseminnar og lykilstarfsfólks. Áfram verður rík áhersla á svæðissamstarf og nærsamfélög.

Stjórn þakkar kynninguna hlakkar til samstarfs um málefni Vatnajökulspjóðgarðs.

4. **Fundaáætlun 2025 - Vatnajökulspjóðgarður - 202502-0110**

Formaður lagði fram tillögu að fundaáætlun svæðisstjórnar Vatnajökulspjóðgarðs, um að fundað verði annan miðvikudag í mánuði kl. 13-16, alla mánuði ársins, að júlí undanskildum. Aukafundur verði haldinn miðvikudaginn 28. maí kl. 11-13.

Samþykkt samhljóða.

5. **Siðareglur fyrir svæðisstjórn og svæðisráð Vatnajökulspjóðgarðs - 202505-0071**

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, starfsmaður á þróunarsviði, kynnti siðareglur svæðisstjórnar Vatnajökulspjóðgarðs. Siðareglurnar hafa verið í gildi síðan 2012 og voru síðast endurskoðaðar 2019 og halda gildi sínu að öllu óbreyttu.

Lagt fram til kynningar.

6. **Starfsreglur fyrir svæðisstjórn og svæðisráð Vatnajökulspjóðgarðs - 202505-0072**

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, starfsmaður á þróunarsviði, kynnti starfsreglur svæðisstjórnar og svæðisráða Vatnajökulspjóðgarðs. Reglurnar voru samþykktar af stjórn Vatnajökulspjóðgarðs 1. júní 2022 og halda gildi sínu að öllu óbreyttu.

Lagt fram til kynningar.

7. **Fundargerðir svæðisráða**

Formenn svæðisráða kynntu fundargerðir frá 114. og 115. fundum svæðisráðs norðursvæðis, 131. fundi austursvæðis, 139., 140., 141. og 142. fundum svæðisráðs suðursvæðis og 119. fundi svæðisráðs vestursvæðis.

Lagt fram til kynningar.

8. **Rekstraráætlun 2025 - 202502-0108**

Björgvin Valdimarsson fjármálastjóri Náttúruverndarstofnunar kom til fundar og kynnti gögn um rekstur Vatnajökulspjóðgarðs 2025. Áætlunin er í samræmi við þau gögn sem skilað var til ráðuneytis í lok árs 2024, hefur verið send til ráðuneytis og verið samþykkt. Í ljósi sameiningar stofnana er um að ræða óvenjulegt rekstrarár. Björgvin Valdimarsson fór af fundi.

Stjórn þakkar kynninguna. Umræður um framsetningu áætlunar og ráðstöfun sértekna.



9. Stjórnunar- og verndaráætlun - Viðauki - Hoffellslambatungur - Gagnasöfnun og vinnsla tillögu - 202503-0080

Helga Árnadóttir, verkefnastjóri á stjórnunar- og verndarsviði kom til fundar og kynnti stöðu málsins. Lögð fram textatillaga að viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs vegna Hoffellslambatungna. Tillagan var send hagsmunaaðilum á vinnslustigi, engar umsagnir bárust.

Lagt fram til kynningar.

10. Stjórnunar- og verndaráætlun - Viðauki - Hoffellslambatungur - Auglýsingar- og kynningarferli - 202504-0007

Helga Árnadóttir, verkefnastjóri á stjórnunar- og verndarsviði kynnti stöðu málsins og verkefnisáætlun. Svæðisráð suðursvæðis hefur fyrir sitt leyti samþykkt að tillaga fari í opinbert kynningarferli. Textatillaga lögð fram til afgreiðslu.

Helga Árnadóttir fór af fundi.

Samþykkt samhljóða að tillaga fari í opinbert kynningarferli.

11. Umsögn - Lýsing - Deiliskipulag - Hoffell - Hornafjörður - 202501-0073

Lagt fram minnisblað um umsögn Náttúruverndarstofnunar varðandi skipulagslýsingu tengda breytingu á aðalskipulagi og vinnslu deiliskipulags fyrir Hoffell II og Hoffellslón.

Axel Benediktsson, sérfræðingur á stjórnunar- og verndarsviði kom til fundar.

Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Náttúruverndarstofnunar kynnti ferli umsagna í nýju umhverfi Vatnajökulspjóðgarðs innan Náttúruverndarstofnunar.

Axel Benediktsson og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, starfsmaður á þróunarsviði Náttúruverndarstofnunar kynntu minnisblað þar sem fram koma drög að umsögn Náttúruverndarstofnunar um skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags og breytingar á aðalskipulagi sem lúta að áformum um framkvæmdir við Hoffell. Á 140.fundi svæðisráðs suðursvæðis, bókaði meirihluti þess um málið, með samþykkt fimm fulltrúa af sex. Fulltrúi umhverfisverndarsamtaka lagðist gegn þeirri tillögu og lagði fram sérbókun.

Umsögninni var skilað inn til Sveitarfélagsins Hornafjarðar 31. mars sl. með þeim fyrirvara að biði afgreiðslu svæðisstjórnar, þar sem hún beið þess á þeim tíma að verða skipuð.

Afgreiðslu frestað til framhaldsfundar.

12. Skaftárstofa - Kirkjubæjarklaustur - opnun fræðslusýningar - 202505-0076

Þráinn Ingólfsson, formaður svæðisráðs vestursvæðis, sagði frá því að fræðslusýning verður opnuð í gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs á Kirkjubæjarklaustri á 17 ára afmæli þjóðgarðsins, þann 7. júní n.k. Stjórnarmeðlimir eru hvattir til að mæta.

Til upplýsinga.



13. **Íshellaferðir og jöklagöngur 2024-2025 - staðan - Vatnajökulspjóðgarður - 202502-0112**
Frestað til framhaldsfundar.
14. **Íshellaferðir og jöklagöngur - auglýsing um úthlutun leyfa - haust 2025 - 202502-0113**
Frestað til framhaldsfundar.
15. **Jökulsárlón - sérleyfi - siglingar - auglýsing 2025 - 202502-0115**
Frestað til framhaldsfundar.
16. **Stjórnunar- og verndaráætlun - Vatnajökulspjóðgarður - Breyting - Vonarskarð 2025 - Verkefnislýsing - 202505-0079**
Frestað til framhaldsfundar.
17. **Uppbygging aðstöðu Vatnajökulspjóðgarðs á Höfn í Hornafirði - 202505-0073**
Frestað til framhaldsfundar.
18. **Hreindýr sunnan Vatnajökuls - beitarálag og veiðistjórnun - 202505-0074**
Frestað til framhaldsfundar.
19. **Gígur gestastofa - Mývatnssveit - opnun fræðslusýningar - 202505-0075**
Frestað til framhaldsfundar.
20. **Upplýsingar forstjóra - Vatnajökulspjóðgarður - svæðisstjórn - 202505-0077**
Frestað til framhaldsfundar.

Fundargerð ritaði: Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir.

Fundi slitið kl. 16:15.